

Framboð til kirkjuþings

Þuríður Björg Wium Árnadóttir

1. kjördæmi vígðra
Reykjavíkurborgarkjördæmi



Kæru kollegar í Reykjavíkurborgarkjördæmi,

Ég býð mig fram til áframhaldandi setu á kirkjuþingi á komandi kjörtímabili.

Ég vígðist sem sóknarprestur Hofsprestakalls í nóvember 2017 og starfaði þar í sex ár. Ég þekki því vel starf prests bæði í dreifbýli og í þéttbýli. Þá starfaði ég einnig í eitt ár sem sjúkrahúsprestur á Landspítalanum, sem var mjög dýrmæt reynsla sem gaf mér góða innsýn í sérþjónustu kirkjunnar og mikilvægi hennar.

Í dag starfa ég sem prestur í Hafnarfjarðarkirkju. Meðfram störfum mínum sat ég í sex ár í stjórn Lútherska heimssambandsins fyrir hönd Þjóðkirkju Íslands og tek með mér þá alþjóðlegu reynslu inn í störf mín á kirkjuþingi.

Ég hef setið á kirkjuþingi frá árinu 2020, og þar áður í tvö sem varamaður. Þar hef ég meðal annars starfað sem formaður allsherjarnefndar og sit nú í stjórn Þjóðkirkjunnar. Mig langar til þess að halda áfram að vinna að þeim málum sem brenna hvað heitast á mér.

Án þess að vilja hafa þetta langt langar mig að benda á nokkra punkta sem eru mér efst í huga fyrir komandi kjörtímabil.

Í fyrsta lagi hef ég beitt mér fyrir aukinni þátttöku ungs fólks í kirkjunni. Ég tel afar mikilvægt að við sköpum fleiri tækifæri fyrir ungt fólk í kirkjunni og eflum þau til þátttöku. Okkur ber samkvæmt

samþykktum kirkjuþings að sjá til þess að ungt fólk, undir 35 ára, taki þátt í störfum, stjórnnum og nefndum kirkjunnar, bæði á vettvangi sókna og í yfirstjórn hennar. Ungt fólk er ekki aðeins framtíð kirkjunnar heldur líka nútíð hennar og á að hafa raunverulegt rými til að hafa stefnumótandi áhrif á framtíð hennar. Á síðasta kjörtímabili lagði ég fram nokkur mál ásamt góðu samstarfsfólki sem tilraun til að fylgja þessum samþykktum eftir og vil gjarnan halda þeirri vinnu áfram.

Í öðru lagi tel ég mikilvægt að kirkjan fari vel með eignir sínar og fullnýti þau hlunnindi sem tilheyra þeim. Eignasafn kirkjunnar er stórt og þar felast ýmis tækifæri. Ég hef reynslu af því að búa á prestsetursjörð og að sinna þar hlunnindagæslu. Þá hef ég starfað innan veiðifélaga sem kirkjan á aðild að og þar unnið að því að hámarka þann arð sem kirkjan getur fengið af jörðum sínum. Umhverfismál og nýting þeirra jarða sem við eigum í því tilliti eru mér einnig sérstakt hugarefni.

Við stöndum frammi fyrir verulegri viðhaldspörf á eignum okkar og því er mikilvægt að hafa skýra sýn á það hvernig við nýtum eignir kirkjunnar, þar með talið hvar við þurfum prestssetur og hvar eignir okkar kunna að nýtast betur með öðrum hætti. Þetta er sérstaklega mikilvæg umræða í ljósi núverandi prestaskorts á landsbyggðinni, sem er önnur umræða sem stendur hjarta mínu nær.

Skýr stefnumótun. Í þriðja lagi tel ég mikilvægt að kirkjan móti sér stefnu til lengri tíma sem styður við markvissa uppbyggingu og starf kirkjunnar. Reynslan úr starfi mínu fyrir Lútherska heimssambandið hefur sýnt mér hversu hjálplegt það gæti verið að Þjóðkirkjan og kirkjuþing vinni að og eftir skýrri framtíðarsýn, stefnu sem samþykkt væri til nokkurra ára.

Ég tel líklegt að með slíkri stefnu og forgangsröðun fjármuna í samræmi við hana gætum við einbeitt okkur betur að stóru málunum sem snúa að starfi og framtíð kirkjunnar, og þannig nýtt tíma okkar á kirkjuþingi betur.

Hér stikla ég á stóru en áhugi minn liggur í fleiri málum enda brenn ég almennt fyrir málefnum kirkjunnar og framtíð hennar.

Ég myndi meta traust ykkar til áframhaldandi starfa á kirkjuþingi mikils og hlakka til að eiga samtalið við ykkur um málefni kirkjunnar á komandi vikum.

Með góðri kveðju og ósk um Guðs blessun ykkur öllum til handa,

Þuríður Björg W. Árnadóttir
prestur í Hafnarfjarðarkirkju